


Vefrit fjármálaráðuneytisins

21. febrúar 2008

Kjarasamningar breyta ekki spám um launaþróun

Í morgun birti Hagstofan launavísitölu fyrir janúarmánuð. Launavísitalan hefur hækkað um 1,3% frá fyrra mánuði og mælist árs hraði launahækkana nú 6,2%, lægri en hann hefur verið í eitt og hálf ár. Um helming hækkingarinnar á launavísitölunni má skýra með samningsbundnum hækkingum hjá ríki og sveitarfélögum sem komu til framkvæmda um áramótin en helmingur er af öðrum orsökum. Má reikna með að launabreytingar utan samninga hafi verið með líku móti í janúar og verið hefur undanfarna mánuði. Áð einhverju leyti kunna fyrirtæki að hafa hækkað laun starfsmanna á undan kjarasamningum á almennum launamarkaði, í trausti þess að í þeim yrði launaþróunartrygging (s.k. baksýnisþegill) eins og raun varð á. Lítið atvinnuleysi og mikil eftirspurn eftir vinnuafli eiga síðan efallítið sinn þátt í því hvernig framvindan er. Ársbreyting launavísitölunnar hrökk niður vegna þess að ekki varð almenn launahækking í janúar eins og verið hefur undanfarin ár. Samtök atvinnulífsins hafa metið kostnaðarauka sinna félagsmanna vegna kjarasamninganna 17. febrúar sem 4% en þar af eru 3,3% vegna launahækkana sem hafa áhrif á launavísitöluna. Samtökin meta launaþróunartryggingu sem 1,4% kostnaðarauka og einhver hluti hans kann að hafa orðið til strax í janúar. Í síðustu spá ráðuneytisins var gert ráð fyrir að launahækkningar í ár yrðu 5,8% á almennum vinnumarkaði. Launavísitalan í janúar og nýgerðir kjarasamningar breyta ekki forsendum þeirrar spár. Meðan atvinnuástand er eins gott og verið hefur að undanförunum verður áfram þrýstingur á laun til hækkingar en spá ráðuneytisins gerir hins vegar ráð fyrir því að þessi þrýstingur taki að minnka eftir því sem líður á árið, m.a. vegna þess að reiknað er með því að atvinnuleysi taki að aukast.



Útgáfa á nýjum flokki ríkisbréfa

Ákveðið hefur verið að hefja útgáfu á nýjum flokki ríkisbréfa til ellefu ára. Sex ár eru frá því að ríkissjóður gaf síðast út nýjan flokk ríkisbréfa til svo langs tíma. Sá flokkur er á gjaldþega eftir 5 ár og því var talin þörf á nýjum flokki óverðtryggðra bréfa til að mynda vaxtaviðmið til lengri tíma þrátt fyrir að fjármögnun þörf ríkissjóðs sé nú engin.

Markmið útgáfunar er að mynda vaxtaviðmið fyrir aðra útgefendur óverðtryggðra skuldabréfa og auðvelda þannig verðlagningu á vaxtasamningum í krónum til 10 ára og mat á verðbólguvæntingum markaðarins til sama tíma. Ríkisbréfin eru óverðtryggð og bera ársvexti sem greiddast eftir á, 26. febrúar ár hvert. Auðkenni flokksins er RIKB 19 0226. Fyrsta útbót flokksins verður haldið í dag, 21. febrúar, og er áætlað að selja ríkisbréf fyrir allt að 10 milljarða króna. Gert er ráð fyrir að halda 5 útbót á árinu þar sem þessi flokkur verður boðinn til sölu og að gefið verði út fyrir allt að 35 milljarða króna.

Fyrsta útbóðið verður með svokölluðu hollensku sölufyrirkomulagi. Það felur í sér að tilboð í ríkisbréf sem eru samþykkt í útbótinu seljast á sama verði. Aðalmiðlarar ríkisbréfa, sem eru 7 innlendir bankar, bjóða í vextina sem þeir óska eftir að fá greidda árlega. Hæsta samþykktu krafan, þ.e. lægsta tilboðsverðið sem ríkissjóður gengur að

ræður söluberðinu. Niðurstaðan úr útbótinu mun síðan gefa vísbendingu um hvaða nafnvexti bréfið ber með sér. Ríkissjóður hefur heimild til þess að ákvarða nafnvexti á bréfunum með 25 punkta fráviki frá niðurstöðu úr útbótinu.

Hollenskt sölufyrirkomulag er víða þekkt og dregur mjög úr óvissu bjóðenda við að finna hvað er eðlilegt verð á flokki sem ekki á sér eiginlegt vaxtaviðmið. Næstu útbót með flokkinn verða svo með því sniði sem verið hefur, þ.e. samkeppnisútbót þar sem aðalmiðlarar senda inn verðtilboð.


Flokkurinn verður skráður í kerfi OMX Nordic Exchange Iceland. Viðskiptavakt verður í höndum aðalmiðlara ríkisverðbréfa en það mun tryggja seljanleika flokksins á eftirmarkaði.

Breytingar í forstöðumannahóp ríkisins

Á undanförunum árum hafa átt sér stað töluverðar skýpulgásbreytingar hjá ríkinu, þar sem stofnanir hafa ýmist verið sameinaðar, lagðar niður, eða nýjar settar á laggirnar. Þetta hefur áhrif á forstöðumannahóp ríkisins. Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda og kynjaskiptingu forstöðumanna ríkisstofnana í september 2005 og janúar 2008.

Ráðuneyti	2005		2008	
	karlar	konur	karlar	konur
Forsætisráðuneytið	2	3	3	3
Menntamálaráðuneytið	35	19	36	17
Utánríkisráðuneytið	4	0	3	0
Landbúnaðarráðuneytið	10	0		
Sjávarútvegsráðuneytið	5	1		
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið			9	0
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	33	10	27	8
Félags- og tryggingamálaráðuneytið	8	6	8	7
Heilbrigðisráðuneytið	25	8	24	8
Fjármálaráðuneytið	20	1	17	3
Samgöngumálaráðuneytið	8	1	9	1
Iðnaðarráðuneytið	7	1	5	1
Viðskiptaráðuneytið	4	0	5	2
Hagstofa Íslands	1	0		
Umhverfisráðuneytið	10	0	11	1
Samtals	172	50	157	51
Kynjaskipting (%)	77,5	22,5	75,5	24,5

Eins og sjá má eru forstöðumenn nú 206 talsins í stað 222, sem er fækkun um 16 á tímabilinu. Á þessu tímabili hefur fækkun í hópi forstöðumanna eingöngu verið meðal karla. Hlutfall kvenna hefur á tímabilinu hækkað úr 22,5% í 24,5%.



Tekjur ríkissjóðs janúar – desember			Gjöld ríkissjóðs janúar – desember			Afkoma ríkissjóðs janúar – desember			Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2006	2007	12 mánaða breyting (%)	2006	2007	Milljónir króna	2006	2007	12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7	Almenn opinber þjónusta	...	38,2	Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958	Verðbólga (janúar)	6,9	5,9
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6	Heilbrigðismál	...	10,0	Hreinn lánsfjárfjofnuður	-25.435	-2.144	Kjarnaverðbólga (janúar)	7,1	5,9
Eignarskattar	-38,5	27,7	Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2	Afborgun lána	-46.097	-33.837	Launavísitala (janúar)	10,1	6,2
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2	Efnahags- og atvinnumál	...	20,7	Brúttó lánsfjárfjofnuður	-75.531	-48.481	Heildarvelta (jan.-okt. '07)	13,5	8,3
Tryggingagjöld	15,4	5,2	Menntamál	...	9,5	Lántökur	115.713	58.939	Smasóluveita (jan.-okt. '07)	5,7	9,3
Tekjur alls	-4,5	18,7	Gjöld alls	...	17,4	Greiðsluafkoma	40.182	10.457	Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9